

Húsnæðisvandi Gaflaraleikhússins

Hafnarfjörður 31. mars 2022

Til menningar og ferðamálanefndar

Það verður að segjast að okkur var heldur betur brugðið þegar við fréttum utan af okkur þann 27. mars að húsnæðið í Víkingastræti 2 sem leikhúsið hefur byggt upp starfsemi sína í 11 ár hefði verið selt til nágretta okkar á Víkingahótelinu. Og ekki nóg með það. Okkur var tjáð að hann hefði ekki í hyggju að leigja okkur húsnæðið áfram heldur ætlaði að rífa það og byggja viðbyggingu við hótelið. Þegar við höfðum síðan samband við leigusalann okkar staðfesti hann þetta og eins staðfestust fyrirætlanir nágrettans þegar Fjarðarfréttir komu með frétt um að hann hefði sótt um til Skipulags og Byggingaráðs að rífa leikhúsið og byggja nýtt hús. Það sérkennilega er að við höfum aldrei verið upplýst um gang þessa máls, sölufyrirætlanir eða samninga þrátt fyrir að hafa hitt bæði leigusala og eiganda Víkingahótelis oft á síðustu mánuði.

Á síðustu 11 árum höfum við byggt upp lítið 200 gesta leikhús og fjárfest fyrir tugi milljóna í áhorfendapöllum, stólum, ljósa-tækni- og sviðs-búnaði. Hátt í 90.000 gestir hafa sótt okkur heim á þessum árum og yfir 800 sýningar, viðburðir og tónleikar hafið farið fram í húsinu. Auk þessa hafa hundruð barna og unglunga úr Hafnarfirði sótt námskeið á okkar vegum, nemendasýningar danskólanna í bænum verið á sviði leikhússins og húsið hefur verið miðpunktur Grunnskólahátíðar til fjölda ára. Leikhúsið hefur einnig skapað sér algera sérstöðu í verkefnavali á Íslandi sem hefur beinst fyrst og fremst að ungum áhorfendum og hefur náð einstaklega vel til þess hóps áhorfenda. Einnig hafa fjölskyldusýningar og gamansýningar leikhússins notið einstakra vinsælda. Má þar nefna nýjustu sýningar leikhússins, Mamma Klíkk, Bíddu Bara og Langelstur að eilífu.

Leikhúsið hefur verið vinnuveitandi fjölda listamanna, iðnaðarmanna og starfsfólks í miða-og veitingasölu og hefur án efa aukið umferð á veitingahús, kaffihús í Hafnarfirði og verið lyftistöng fyrir miðbæinn. Næsta leikár hefur verið skipulagt að mestu og leikhúsið hugði á frekari uppbyggingu starfsins á næstu árum. Samstarfssamningar leikhússins við Hafnarfjarðarbæ og Menningarráðuneytið renna út um næstu áramót en góðar vonir eru um að þeir verði endurnýjaðir.

Nú stöndum við á tímamótum. Leigusamningur okkar um húsið rennur út þann 1. júní á næsta ári, 2023. Það er því ljóst að leikhúsið verður húsnæðislaust um mitt næsta ár. Okkur hefur ekki gefist mikið ráðrúm til að kanna hvaða möguleikar eru með húsnæði í Hafnarfirði enda bar þetta brátt að. Það er þó nokkuð víst að ekki er um auðugan garð að gresja með hentugt húsnæði, sérstaklega í miðbænum.

Við viljum með þessu erindi fara fram á að bæjaryfirvöld vinni með okkur að lausn á húsnæðisvanda leikhússins til framtíðar og finni lausn sem er góð fyrir Gaflaraleikhúsið og aðra aðila í bænum sem þurfa á sýningarhúsnæði að halda og er Hafnarfirði til sóma. Við leggjum því til að haldin verði fundur mjög fljótlega þar sem farið verður yfir stöðuna.

Fh stjórnar Gaflaraleikhússins

Lárus Vilhjálmm